

1983 nr. 7 8. mars**Lög um þjóðsöng Íslendinga**

Tóku gildi 25. mars 1983. Breytt með: L. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **forsætisráðherra** eða **forsætisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Þjóðsöngur Íslendinga er „Ó Guð vors lands“, ljóð eftir Matthías Jochumsson og lag Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.

■ 2. gr.

□ Þjóðsöngurinn er eign íslensku þjóðarinnar, og fer [ráðuneytið]¹⁾ með umráð yfir útgáfurétti á honum.

¹⁾ L. 126/2011, 96. gr.

■ 3. gr.

□ Þjóðsönginn skal ekki flytja eða birta í annarri mynd en hinni upprunalegu gerð. Ekki er heimilt að nota þjóðsönginn á nokkurn hátt í viðskipta- eða auglýsingaskyni.

■ 4. gr.

□ Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðsöngsins og sker þá [ráðherra]¹⁾ úr.

¹⁾ L. 126/2011, 96. gr.

■ 5. gr.

□ Með forsetaúrskurði skal setja nánari ákvæði um notkun þjóðsöngsins, ef þörf þykir.

■ 6. gr.

□ Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða [fangelsi allt að 2 árum].¹⁾ . . . ²⁾

¹⁾ L. 82/1998, 171. gr. ²⁾ L. 88/2008, 233. gr.